

79. Fundur sveitarstjórnar Langanesbyggðar haldinn miðvikudaginn 8. maí 2013 kl.17:00 í félagsheimilinu Þórsveri á Þórshöfn.

Mætt eru: Siggeir Stefánsson, Steinunn Leósdóttir, Indriði Þóroddsson, Ævar Rafn Marinósson, Nanna Steina Höskuldsdóttir, Dagrún Þórisdóttir, Gunnólfur Lárusson og Sigríður Jóhannesdóttir sem ritaði fundargerð.

Oddviti setti fundinn, bauð fundarmenn velkomna og spurði hvort gerðar væru athugasemdir við fundarboð. Svo var ekki.

Sveitarstjóri óskaði eftir að fá að setja á dagskrá fundargerð umhverfis- og skipulagsnefndar nr. 34 og yrði hún sem liður nr. 18 í dagskránni.

Samþykkt samhljóða.

DAGSKRÁ:

- 1. Fundargerð sveitarstjórnar nr.77**
Lögð fram til kynningar.
- 2. Fundargerð sveitarstjórnar nr.78**
Lög fram til kynninga.
- 3. Ársreikningur 2012 önnur umræða.**

Ársreikningur Langanesbyggðar fyrir árið 2012, A- og B-hluta borinn upp til samþykktar.

Samþykktur samhljóða.

Greinagerð sveitarstjóra með ársreikningi 2012

Ársreikningar Langanesbyggðar A- og B- hluta sjóða fyrir árið 2012 voru lagðir fram til fyrri umræðu á fundi sveitarstjórnar þann 30. apríl 2013. Ársreikningur Langanesbyggðar A- og B- hluta sjóða fyrir árið 2012 eru teknir til seinni umræðu í dag miðvikudaginn 8. maí 2013

A hluti

Heildartekjur A-hluta sveitarsjóðs voru 460,5 m.kr. á árinu 2012, þar af voru útsvar og fasteignaskattur 224,9 m.kr., framlög Jöfnunarsjóðs 140,5 m.kr. og aðrar tekjur 95,2 m.kr.

Heildargjöld A-hluta voru á hinn bóginn 405,5 m.kr., fyrir afskriftir og fjármagnsliði. Að viðbættum afskriftum upp á 29,2 m.kr. eru gjöld A-hluta 434,7 m.kr. og þegar tekið hefur verið tillit til fjármagnsgjalda að fjárhæð 28,1 m.kr. er rekstrarniðurstaða A-hluta neikvæð um 2,3 m.kr.

Rétt er að geta þess að í ársreikningi 2012 er halla B-hluta fyrirtækja mætt að fullu með framlögum úr A-hluta samtals að fjárhæð 16,5 m.kr. Af þeirri fjárhæð eru 4,5 m.kr. færðar til gjalda hjá aðalsjóði vegna rekstrarhalla á dvalar- og hjúkrunarheimilinu Nausti. Auk þess eru 12 m.kr. framlag fært til gjalda á málaflokkinn félagsmál vegna sölu á félagslegum íbúðum. Rekstrargjöld í aðalsjóði hækka af þeim sökum sem því nemur.

Afkoma A-hluta sveitarsjóðs er samkvæmt þessu jákvæð um 55 m.kr. fyrir afskriftir og fjármagnsliði (EBITDA) en samstæðan öll þ. e. A-hluti að viðbættum B-hluta sjóðum, er

rekin með liðlega 154,3 m.kr. hagnaði á sama grunni (EBITDA segir til um hve miklu reksturinn er að skila, óháð fjármögnun hans og skattaumhverfi).

A og B hluti

Heildartekjur samstæðunnar allrar voru 654,5 m.kr., en heildarútgjöld hennar þegar tekið hefur verið tillit til afskrifta að fjárhæð 46,5 m.kr., voru 546,7 m.kr. Rekstrarniðurstaða fyrir fjármagnsliði var því jákvæð í samstæðunni um 107,8 m.kr. Þegar aftur á móti tekið hefur verið tillit til niðurstöðu fjármunatekna og –gjalda, að fjárhæð 50,3 í gjöld umfram tekjur, kemur í ljós að samstæðan öll var rekin með 57,3 m.kr. hagnaði árið 2012.

Fjármagnskostnaður

Fjármagnsgjöld námu alls 50,3 m.kr. árið 2012 og er það sama upphæð og árið 2011.

Vaxtatekjur og verðbætur nema alls 1,1 mkr. Arður af eignum er 2,6 mkr. Vaxtagjöld og verðbætur alls 50,3 mkr. árið 2012, borið saman við 46,9 milljónir árið 2011. Gengismunur er alls 3,7 mkr. árið 2012 en voru 4,2 mkr. árið 2011.

Rekstur sveitarfélagsins er að skila hagnaði fyrir árið 2012 og er viðsnúningurinn umtalsverður frá árinu 2011 eða um 74,7 mkr.

Rekstrargjöld

Hinn hefðbundni rekstur aðalsjóðs, þ.e. laun og rekstrargjöld, lækka um liðlega 4,4% eða úr 424,2 m.kr. 2011 í 405,5 m.kr. árið 2012. Rekstrargjöld samstæðunnar, A og B hluta, lækka úr 515 mkr. árið 2011 í 500,2 mkr. árið 2012 eða um 2,9%.

Þetta verður að teljast góður árangur að ná að lækka rekstrarkostnað, þar sem hinar mismunandi rekstrarvörur hafa hækkað í verði milli ára. Nægir þar að nefna rafmagn, olíur og matvæli. Þá hækka laun einnig fyrir áhrif kjarasamninga sem tóku gildi á árinu sem var að líða.

Þó er ljóst að áfram þarf að leita leiða til að draga úr kostnaði aðalsjóðs þar sem ekki hefur ennþá náðst að reka aðalsjóðinn með hagnaði.

Laun og launatengd gjöld samstæðunnar lækka úr 320,1 m.kr. 2011 í 309,4 m.kr. 2012, sem er 3,3% lækkun. Séu launin aðgreind frá launatengdu gjöldunum kemur í ljós að þau lækka úr 250,4 m.kr. árið 2011 í 246,4 m.kr. árið 2012 eða 1,6%. Launatengdu gjöldin lækka úr 62,1 m.kr. 2011 í 60,5 m.kr. árið 2012 eða um 2,5%. Ákvarðanir um fjárhæðir launatengdra gjalda skipta sköpum í launamassanum eins og hér kemur berlega í ljós, þegar launatengd gjöld eru orðin svona stór hluti útgreiddra launa.

Laun og launatengd gjöld í aðalsjóði lækkuðu úr 231,1 m.kr. árið 2011 í 227,5 m.kr. árið 2012 eða um 1,6%.

Laun og launatengd gjöld voru alls 47,3% af rekstrartekjum Langanesbyggðar árið 2012, borið saman við 54,2% árið 2011.

Afkoma B hluta stofnana

Rekstrartekjur félagslega íbúða námu alls 3,7 mkr. á síðasta ári en þar munar mestu um söluhagnað¹ af fasteignum sem var um 17,4 mkr., auk þess sem 12 mkr. framlag úr aðalsjóði

færast til tekna hjá málaflokknum. Nú er sveitarfélagið búið að selja allar félagslegu íbúðirnar nema eina og er það gott fyrir rekstur sveitafélagsins til framtíðar.

Vaxandi umsvif í höfninni á Þórshöfn leiða til þess að rekstrartekjur hafnarsjóðs hækkuðu úr 74,2 m.kr. árið 2011 í 91,2 m.kr. á síðasta ári eða um 18,6%. Rekstargjöld hafnarsjóðs námu alls 63 m.kr. á síðasta ári og hækkuðu um 15,5%. Hafnarsjóður skilaði þannig 28,2 m.kr. hagnaði á síðasta ári, borið saman við 21 m.kr. árið 2011.

Mikill viðsnúningur varð í rekstri hjúkrunar- og dvalarheimilisins Naust árið 2012. Að teknu tilliti til framlags Svalbarðshrepps var rekstrarhalli Naust um 3 mkr. á síðasta ári, borið saman við 18,3 m.kr. árið 2011. Í ársreikningi er gert ráð fyrir 4,5 m.kr. framlagi úr aðalsjóði vegna Nausts. Skýringa á þessum viðsnúningi er fyrst og fremst að leita í lækkun á launakostnaði en hann lækkaði umtalsvert. En betur má ef duga skal og enn verður lögð áhersla á aðhald í rekstri og áfram unnið hörðum höndum að því að auka tekjur.

Fjárfestingar- og fjármögnunarhreyfingar

Á árinu var reynt að lágmarka framkvæmdir. Einungis var reynt að ljúka við nauðsynlega þætti, sem í gangi höfðu verið og ekki varð komist hjá að vinna. Ráðstöfun þessi var liður í því að reyna sem frekast var kostur að lágmarka þörfina fyrir nýjar lántökur. Sala varanlegra rekstrarfjármuna nam samtals um 47,5 mkr. á árinu og munar þar mestu um sölu félagslegra íbúða.

Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum samstæðunnar námu alls 14,2 mkr. Meðal fjárfestinga voru klæðning á slökkvistöð, áhaldahús, viðhald og húsgögn í skóla og höfnin.

Afborganir langtímalána á árinu 2012 námu alls 94,3 m.kr., borið saman við 105,8 m.kr. á árinu 2011. Afborganir langtímalána eru miklar sem skýrast af uppgreiðslu lána vegna sölu félagslegra íbúða. Afborganir langtímalána eru áætlaðar um 46,2 m.kr. árið 2013

Í heild eru erlend/gengistryggð lán sveitarsjóðs um 12,6% heildarlána og er ljóst að miðað við gengisfall íslensku krónunnar þá hefði reiknaður gengismunur orðið mun hærri tala hefði hlutfall erlendra lána verið herra

Skuldahlutfall A- og B-hluta Langanesbyggðar er í árslok 2012 er 88,5% en var 110,8% í árslok 2011 og hefur því lækkað um 22,3% á milli ára. Samkvæmt sveitarstjórnarlögum nr.138/2011 má skuldahlutfall ekki vera herra en 150 % .

Í sjóðstreymi samstæðunnar kemur síðan fram að þegar leiðrétt hefur verið fyrir afskriftum, verðbótum og gengismun og skuldbindingum er veltufé frá rekstri jákvætt um 111,2 m.kr. Þegar tekið hefur verið til viðbótar tillit til breytinga á rekstartengdum eignum og skuldum þá kemur fram að handbært fé frá rekstri er jákvætt um 107,5 m.kr. Handbært fé segir til um hversu mikið lausafé verður eftir af rekstri sveitarfélagsins þegar búið er að borga alla reikninga. Þetta fjármagn gengur síðan til greiðslu á fjárfestingum og afborgunum lána eins og fram hefur komið. Að öllu þessu töldu kemur fram að handbært fé í árslok er 72,3 m.kr. en var í upphafi ársins 28,9 m.kr. og hefur þar af leiðandi hækkað um 43,4 mkr.

Miðað við niðurstöðu þessa ársreiknings er ljóst að verulegur viðsnúningur hefur orðið á rekstrinum. Það þrátt fyrir það nauðsynlegt að halda áfram að viðhafa aðhald í rekstri og nýta öll þau tækifæri sem skapast til þess að hagræða án þess þó að það komi niður á þjónustunni við íbúana. Það hefur orðið ánægjuleg þróun á margan hátt varðandi íbúaðþróun í Langanesbyggð. Langur biðlisti hefur skapast á leikskólanum, húsnaði er af skornum

skammti og atvinna er næg. Það er því fullt af áskorunum sem liggja fyrir sveitarfélaginu til að leysa þau mál sem hafa skapast og stuðla þannig að því að efla mannlífið í sveitarfélaginu. Með samstilltu átaki íbúa Langanesbyggðar hefur samfélagið svo margt uppá að bjóða og er það von sveitarstjórnar að íbúar Langanesbyggðar geti sameinast í þeim mikilvægu verkefnum sem framundan eru.

4. Fundargerð Umhverfis- og skipulagsnefndar nr. 33

Liður eitt. Borið undir fundarmenn að fresta afgreiðslu þessa máls og stefnt að því að taka það fyrir á næsta sveitarstjórnarfundi. Samþykkt samhljóða.

Liður tvö: Samþykkt samhljóða að halda áfram með verkefnið, láta klára teikningar og gera útboðsgögn. Þá verður verkefnið aftur lagt fyrir sveitarstjórn.

Liður fjögur; samþykktur samhljóða.

Liður fimm samþykktur samhljóða.

Aðrir liðir lagðir fram til kynningar

5. Fundargerð landbúnaðarnefndar dags. 02.05.2013

Lögð fram til kynningar.

6. Fundargerð Sambands íslenskra sveitarfélaga nr.805

Lögð fram til kynningar.

7. Fundargerðir Eypings nr. 238-241

Lögð fram til kynningar.

8. Skýrsla sveitarstjóra.

Sveitarstjóri flutti skýrslu sína og svaraði fyrirspurnum .

Ýmis vinna vegna Alþingiskosninga kom inn á borð sveitarstjóra.

Tveir fundir haldnir með umhverfis- og skipulagsnefnd, fundað með forstöðumönnum áhaldahússins, hafnarinnar, Grunnskólans á Þórshöfn og slökkviliðs.

Fundur með vinnueftirliti og heilbrigðisteftirliti Norðausturlands.

Veðurstöð verður sett upp á Þórshafnarflugvelli í sumar.

Útboð vegna bjargnytja voru opnuð þann 2. maí.

Búið að ganga frá ráðningu vegna grenjavinnslu í gamla Skeggjastaðahrepp.

Íbúaráðstefna haldin þann 4. maí sl. Verið að vinna úr niðurstöðum og í framhaldinu verður annar íbúafundur boðaður.

Unglingavinnan verður auglýst í næstu viku.

Búið er leggja lokahönd á samþykktir sveitarfélagsins og funda með nefndinni vegna þessa.

Bygging nýs leikskóla. Búinn að vera í samskiptum við Orra arkitekt og búið er að senda nýjar tillögur á nefndina sem unnið hefur að skipulagningu á byggingu á nýjum leikskóla.

Fyrirhugað að halda fund í næstu viku vegna leikskólabyggingar.

Búið að senda erindi á Samkaup vegna matvöruverslunar á Þórshöfn.

9. Bréf frá Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu dags.22.04.2013

Í bréfinu er verið að svara beiðni Langanesbyggðar um 500 tonna kvóta á Bakkafjörð.

Lagt fram til kynningar

10. Bréf frá EFS dags. 29.04.2013

Lagt fram til kynningar.

11. Erindi frá kennurum í Langanesbyggð 29.04.2013

Í bréfinu er verið að óska eftir því að því að félagsmenn Kennarasambands Íslands njóti sömu kjara á kaupum á Íþróttakortum í Íþróttahúsinu Sportver í Langanesbyggð og félagsmenn

Verkalýðsfélag Þórshafnar. Erindinu hafnað og hvetja sveitastjórnar menn félagsmenn kennarasambandsins að sækja þessar niðurgreiðslur stífar til kennarasambandsins.

12. Forvarnarmál.

Samþykkt samhljóða að setja 400.000 kr. í þennan málaflokk og hefja vinnu við forvarnarstefnu Langanesbyggðar. Fjárhæðin verður tekið úr sjóði sveitarfélagsins. Samþykkt samhljóða að vísa erindinu til íþrótt- og tómstundanefndar Langanesbyggðar til umfjöllunar.

13. Samþykkt um stjórn sveitarfélagsins Langanesbyggðar, fyrri umræða.

Samþykktum vísað til seinni umræðu. Samþykkt samhljóða.

14. Siðareglur kjörinna fulltrúa í Langanesbyggð

Siðareglur kjörinna fulltrúa í Langanesbyggð lagðar fyrir og samþykktar samhljóða.

15. Erindisbréf nefnda í Langanesbyggð.

- a. Umhverfis-og skipulagsnefnd.
- b. Landbúnaðarnefnd
- c. Íþrótt-og tómstundanefnd
- d. Hafnarnefnd
- e. Fræðslunefnd
- f. Atvinnu- menningar- og ferðamálanefnd

Einstaka samþykktir ræddar. Ákveðið að taka þetta fyrir á næsta sveitarstjórnarfundi. Samþykkt samhljóða.

16. Kostnaðaráætlun vegna loftræstikerfis.

Sveitarstjórn leggur til að þetta verði skoðað samhliða stækkun grunnskóla og byggingu nýs leikskóla. Samþykkt með 6 atkvæðum gegn 1.

Siggeir lagði fram sérþóttun um að þetta yrði skoðað nánar og athugað hvort hægt sé að laga þetta að einhverju leyti strax í sumar.

17. Samrekstrarsamningur.

Ævar og Nanna viku af fundi.

Sveitarstjóri fór yfir stöðuna á samrekstarsamningi við Svalbarðshrepp. Í tillögu Svalbarðshrepps að nýjum samningi er gerð sú breyting að kostnaðarhlutdeild Svalbarðshrepps í fræðslu- og uppeldismálum sé í sama hlutfalli og fjölda nemanda en ekki miðað við hlutfall íbúa eins og áður var. Sveitarstjóra og oddvita falið að funda með fulltrúm Svalbarðshrepps vegna þessa.

18. Umhverfis- og skipulagsnefndar nr. 34

Í lið eitt er leggur Umhverfis- og skipulagsnefnd til við sveitarstjórn að tillaga að deiliskipulagi vegna urðunarsvæðis við Bakkafjörð verði auglýst skv. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Borið undir fundinn og samþykkt samhljóða og sveitarstjóra falið að auglýsa deiliskipulagið

Liðir tvö og þrjú lagðir fram til kynningar.

Fundargerð upplesin og samþykkt samhljóða

Fundi slitið kl 20:10